

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

724.mál

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **12.05.2011**
Málsnúmer: **EVR10110060**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán

Viðskiptanefnd bárust sautján umsagnir, þar af tíu efnislegar, vegna frumvarps efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingu á lögum nr. 121/1994 um neytendalán. Helstu atriði sem fram koma í umsögnunum verða nú rakin.

Almennar athugasemdir

1. Fram kom í umsögnum ýmssa aðila að betra væri ef skilgreining á hugtökunum smálán og smálánafyrirtæki, sbr. 4. gr. þess, kæmi fram í frumvarpinu. Ráðuneytið leggur til að bætt verði inn í frumvarpið eftirfarandi skilgreiningum:

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, g. og h, sem verða svohljóðandi:

g. Smálánafyrirtæki er aðili sem stundar lánastarfsemi í atvinnuskyni sem felst í að kynna, bjóða eða veita neytendum lán þar sem fjármögnun starfseminnar byggist hvorki á endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi né vöru- eða þjónustuviðskiptum

h. Smálán er lán sem smálánafyrirtæki kynnir, býður eða veitir einstaklingum.

2. Fram kemur í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að samtökin telja að setja skuli sérstök lög um að starfsemi smálánafyrirtækja verði gerð starfsleyfisskyld. Ráðuneytið tekur ekki undir það sjónarmið, enda er veiting lána almennt ekki starfsleyfisskyld starfsemi og telja verður að Neytendastofa geti sinnt því eftirliti sem nauðsynlegt er án þess að gera veitingu smálána starfsleyfisskylda.

3. Í umsögn Ríkisendurskoðunar leggur stofnunin til að Fjármálaeftirlitinu verði faldar heimildir til þess að kanna og hafa eftirlit með starfsemi smálánafyrirtækja. Einnig kemur fram í umsögnum Samtaka fjármálafyrirtækja og Neytendasamtakanna að æskilegt væri að fella starfsemi smálánafyrirtækja undir lög um fjármálafyrirtæki. Neytendasamtökin benda á að ef smálánafyrirtæki væru skilgreind sem fjármálafyrirtæki þá gætu neytendur skotið málum er snúa að viðskiptum þeirra við smálánafyrirtæki til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki enda væri smálánafyrirtækjum þá skylt að eiga aðild að nefndinni sbr. 2. mgr. 19. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið telur að eftirlit með starfsemi smálánafyrirtækja samræmist illa hlutverki Fjármálaeftirlitsins og eigi best heima hjá Neytendastofu sem sinnir almennu eftirliti með neytendamálum og eftirliti með neytendalánunum.

Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins (útvíkkun gildissviðs)

Neytendastofa telur að orðalag a-liðar 1. gr. frumvarpsins sé ekki nægilega skýrt og leggur til eftirfarandi orðalag: "og ekki þarf að greiða kostnað eða vexti af." Ráðuneytið telur þessa

breytingu vera til bóta og styður hana.

Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins (upplýsingar við markaðssetningu)

Í umsögn sinni bendir Neytendastofa á að í 13. gr. laganna er fjallað um auglýsingar og með því að bæta við orðalag þeirrar greinar væri hægt að fella út 2. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið telur þessa tillögu til einföldunar og leggur til að 13. gr. laganna orðist svo:

"Á starfsstöð lánveitanda, svo og auglýsingum, tilboðum og ávallt í allri markaðssetningu er skylt að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað við lánasamninga sem lög þessi taka til."

Slík breyting kæmi einnig til móts við gagnrýni í umsögn Viðskiptaráðs, Útlána og Samtaka fjármálafyrirtækja þess efnis að upplýsingaskyldur 2. gr. frumvarpsins geri lánastofnunum erfitt að markaðssetja lánaleiðir sínar með góðu móti.

Athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins (skylda til að framkvæma greiðslumat)

Í umsögnum nokkurra aðila koma fram áhyggjur af því að það geti reynst of íþyngjandi að skylda lánveitendur til þess að framkvæma greiðslumat vegna allra neytendalána. Skýrt kemur fram í 8. gr. tilskipunar 2008/48/EB að aðildarríki skulu láta framkvæma greiðslumat áður en samningur um neytendalán er gerður. Ríkjum er þó nokkuð í sjálfsvald sett með hvaða hætti greiðslumatið skal fara fram og hversu ítarlegt það skal vera, þ.e. eins lengi og það nær fram því markmiði að raunverulega meta greiðslugetu lántaka útfrá fullnægjandi gögnum. Fyrirhugað er að innleiða tilskipun 2008/48/EB að fullu næsta haust með frumvarpi til nýrra laga um neytendalán og mun ráðuneytið fljótlega skipa í nefnd sem mun sinna frumvarpsvinnu vegna innleiðingarinnar útfrá tilnefningum hagsmunaaðila. Samtök fjármálafyrirtækja benda réttilega á í umsögn sinni að eðlilegt sé að téð nefnd komi að mikilvægum ákvörðunum um innleiðingu á tilskipun 2008/48/EB, þar á meðal um framkvæmd og umfang greiðslumats, auk hugsanlegra undanþága frá framkvæmd. Ráðuneytið hyggst fá til liðs við sig nefndarmenn innleiðingarnefndarinnar við gerð reglugerðarinnar til þess að fá öll sjónarmið að borðinu.

Til þess að taka af allan vafa um heimild ráðherra til þess að kveða á um mismunandi tegundir greiðslumats útfrá tegund, upphæðum eða öðru, auk hugsanlegra undanþága þá leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingu á orðalagi 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins:

"Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd greiðslumats og undanþágur frá gerð þess skv. 1. mgr., þ.m.t. um mismunandi tegundir greiðslumats, þau gögn og upplýsingar sem afla þarf vegna þeirra og í hvaða tilvikum heimilt er að undanþega aðila frá skyldu til gerð greiðslumats. Jafnframt hversu reglulega og í hvaða tilvikum nauðsynlegt er að uppfæra greiðslumat."

Einnig leggur ráðuneytið til að sett verði inn eftirfarandi bráðabirgðaákvæði:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði 6. gr.a. laganna tekur gildi 1. október 2011.

Með bráðabirgðaákvæðinu verður ráðuneytinu veitt svigrúm til vinnslu reglugerðar um greiðslumat með faglegum hætti og jafnframt brugðist við gagnrýni sem fram kemur í nokkrum umsögnum þess efnis að lánveitendur þurfi aðlögunartíma vegna þessa.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins kemur fram að eftirlitið telur heppilegt að gera kröfu um að niðurstaða

greiðslumats sé jákvæð svo veita megi lán, ekki aðeins að greiðslumat fari fram. Einnig benda Neytendasamtökin á að skv. frumvarpinu þá sé óljóst hvaða afleiðingar það geti haft fyrir afdrif lánasamnings fari greiðslumat ekki fram eða það sé neikvætt, þ.e. hvort slík vanræksla leiði til þess að lánveitandi missi þá rétt til endurgreiðslu, hvort samningurinn sé ógildur frá upphafi eða hvaða önnur áhrif það kann að hafa. Afstaða samtakanna er sú að rétt væri að skylda til endurgreiðslu félli niður í slíkum tilvikum. Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til þessarra tillagna að sinni sökum þess að ekki hefur gefist færi á að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila hvað þetta varðar.

Fjármálaeftirlitið bendir einnig á að hugtakið „óverulega“ eins og það kemur fram í 2. ml. 3. gr. frumvarpsins geti verið óljóst. Ráðuneytið er sammála þessari ábendingu en bendir jafnframt fram að erfitt getur reynst að draga skýra línu um jafn óljóst hugtak. Það er í höndum nefndarinnar að meta hvort hún telji ástæðu til að leggja fram tillögu að nánari skilgreiningu hugtaksins.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins (réttur til að falla frá samningi)

Bent er á í umsögn Neytendastofu að óljóst geti verið hvenær hægt sé að falla frá samningi skv. frumvarpinu. Ráðuneytið hafði samráð við Neytendastofu við vinnslu minnisblaðs þessa og var niðurstaðan sú að skýrara væri að fjalla um rétt til að greiða fyrir gjalddaga fremur en rétt til að falla frá samning. Eftirfarandi orðalag er lagt til varðandi 4. gr. frumvarpsins:

"Neytandi hefur rétt til að endurgreiða smálán án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, hvenær sem er innan 14 daga frá því að lán er veitt, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til smálánafyrirtækis. Tilkynning skal send með sömu fjarskipaaðferðum og aðilar nota við lánveitinguna eða öðrum sannarlegum hætti. Smálánafyrirtæki er heimilt að gera neytanda að greiða kostnað sem það hefur orðið fyrir vegna þessa. Sá kostnaður má þó aldrei fara umfram hlutfallslegan kostnað miðað við lánstíma af fulllefnendum samningi. Neytandi telst hafa virt frestinn ef tilkynning er send áður en fresturinn rennur út."

Með tillagðri breytingu er orðið mun skýrara að neytendur hafa alltaf rétt til þess að greiða smálán fyrir gjalddaga og að tilkynningu þess efnis megi senda til smálánafyrirtækis með sömu fjarskiptaaðferðum og aðilar nota við lánveitinguna. Sem dæmi má nefna að ef neytandi sækir um að gerast lántakandi á heimasíðu smálánafyrirtækis og fær umsókn sína samþykka þá getur hann sótt um útborgun láns með því að senda sms. Í samræmi við tillagt ákvæði hér að ofan þá ætti neytandi að geta greitt upp lánið með því að senda smálánafyrirtæki sms úr sama símanúmeri og notað var til þess að sækja um útborgun.

Í umsögn Útlána kemur fram sú tillaga að inn í ákvæði 4. gr. frumvarpsins verði bætt að lánstíminn teljist aldrei skemmri en fimm dagar eða tilgreina lágmarksfjárhæð. Að öðrum kosti fái smálánafyrirtækin ekki lágmarksgrunnkostnað greiddan. Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til þessarar athugasemdar.